



Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2015

24. ágúst 2015 kl. 13.00
Parabakka 3, Reykjavík

Dagskrá:

1. Setning.
2. Kjör fundarstjóra.
3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi.
4. Kjör fundarritara.
5. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi félagsins á árinu 2014.
6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2014 kynntur og lagður fram til samþykktar.
7. Ákvörðun um meðferð hagnaðar.
8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.
9. Tillaga stjórnar um endurnýjun heimildar til aukningar hlutfjár.
10. Kjör stjórnar.
11. Kjör endurskoðanda.
12. Önnur mál.

Fylgiskjöl:

- Skýringar við dagskrá
- Skýrsla stjórnar 2014
- Ársreikningur 2014

Skýringar við dagskrárliði 9-11

9. liður: Tillaga stjórnar um endurnýjun heimildar til hlutafjárukningar

Eftirfarandi tillaga er lögð fram af stjórn Túns:

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. haldinn 24. ágúst 2015 samþykkir að framlengja til 31. desember 2016 heimild til stjórnar, sem rennur út 31. desember 2015, til að auka hlutafé félagsins um allt að krónur 3.950.000 að nafnverði og að ákvarða gengi hlutanna. Hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að hlutum. Stjórnin skal hafa heimild til að samþykkja nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins vegna þessarar heimildar sbr. 3. mgr. 30. gr. I. Um einkahlutafélög nr. 138/1994.

10. liður: Kjör stjórnar – Aðalmenn og varamenn

10.1. Kjör aðalmanna

Fram kom einn listi til kjörs aðalmanna í stjórn til næsta árs, sem er lagður fram af fráfarandi stjórn:

1	Bjarni Ó. Halldórsson, kt. 230958-5139, Reynibergi 9, 221 Hafnarfjörður.
2	Gunnlaugur K. Jónsson, kt. 200856-0079, Kringlunni 57, 103 Reykjavík.
3	Jóhannes Gunnarsson, kt. 031049-3429, Asparfelli 12 (7F), 112 Reykjavík.
4	Oddný Anna Björnsdóttir, kt. 160474-2979, Geislalind 5, 201 Kópavogur
5	Helga G. Jónasdóttir, kt. 061263-5519, Marbakkabraut 24, 200 Kópavogur.

10.2. Kjör varamanna

Fram kom einn listi til kjörs varamanna í stjórn til næsta árs, sem er lagður fram af fráfarandi stjórn:

1	Guðný Sverrisdóttir, kt. 150952-7519, Stórasvæði 8, 610 Grenivík
2	Ingi Þór Jónsson, kt. 041066-3349, Tröllhólar 4, 800 Selfoss
3	Þórarinn Sveinsson, kt. 100752-2609, Lyngbrekku 4, 200 Kópavogur
4	Guðfinnur Jakobsson, kt. 131243-7669, Skaftholt II, 801 Selfoss
5	Birgir Þórðarson, kt. 130144-4549, Breiðumörk 12, 810 Hveragerði

11. liður: Kjör endurskoðanda

Eftirfarandi tillaga hefur komið fram um endurskoðanda félagsins:

Tryggvi E. Geirsson, löggildur endurskoðandi, kt. 171152-3059, Grensásvegi 16, 108 Reykjavík.

Skýrsla stjórnar um starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2014

Stjórn og starfsmenn

Stjórn og varastjórn

Stjórn Vottunarstofunnar Túns ehf. var kjörin á aðalfundi félagsins sem haldinn var 29. ágúst 2014 og voru eftirfarandi aðalmenn og varamenn þeirra kjörnir:

Bjarni Ó. Halldórsson, formaður	Guðný Sverrisdóttir, varamaður
Gunnlaugur K. Jónsson, varaformaður	Ingi Þór Jónsson, varamaður
Jóhannes Gunnarsson, meðstjórnandi	Þórarinn Sveinsson, varamaður
Oddný Anna Björnsdóttir, meðstjórnandi	Guðfinnur Jakobsson, varamaður
Helga Guðrún Jónasdóttir, meðstjórnandi	Birgir Þórðarson, varamaður

Fastanefndir

Félagið starfrækir þrjár fastanefndir, vottunarnefnd lífrænnar framleiðslu, vottunarnefnd sjávarnytja og ráðgjafarnefnd um reglur. Nefndir þessar voru þannig skipaðar:

Vottunarnefnd fyrir lífræna framleiðslu:

Guðrún Hallgrímsdóttir, formaður
Runólfur Sigursveinsson
Birgir Þórðarson, varamaður
Fanney Ó. Lárusdóttir, varamaður

Vottunarnefnd fyrir sjálfbærar sjávarnytjar:

Vilhjálmur Guðlaugsson, formaður
Guðrún Hallgrímsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir
Unnur Skúladóttir

Ráðgjafarnefnd um reglur:

Runólfur Sigursveinsson, formaður
Auðunn Hermannsson
Guðrún Andrésdóttir
Þórður G. Halldórsson

Starfsmenn og skrifstofur

Nokkrir sérfræðingar unnu að þróunar- og gæðaverkefnum fyrir félagið. Þrettán matsmenn önnuðust úttektir í verktöku á þeim vottunarsviðum sem félagið sinnir. Auk framkvæmdastjóra unnu þrír starfsmenn í hlutastörfum fyrir félagið á árinu:

Gunnar Á. Gunnarsson, framkvæmdastjóri
Louise le Roux, verkefnastjóri sjávarnytjavottunar
Rannveig Guðleifsdóttir, verkefnastjóri vottunar lífrænna afurða
Sigrún Kristinsdóttir, bókhaldsumsjón
Sigurbjörg Gísladóttir, verkefnastjóri vottunar sjávarnytja

Frá árinu 2013 hefur félagið haft aðsetur sitt og lögheimili í Þarabakka 3 í Reykjavík.

Vottunarstofan Tún 1994-2014

Nýsköpunarstarf í anda sjálfbærrar þróunar

Vottunarstofan Tún var stofnuð 9. september 1994. Markmið félagsins er að stuðla að innleiðingu vottunar og staðla fyrir sjálfbærar aðferðir í landbúnaði, sjávarútvegi, matvælavinnslu og nýtingu endurnýjanlegra náttúruauðlinda. Margir einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir unnu að þeim verkefnum sem Tún hafði forystu um á liðnu ári.

Meginverkefni Túns eru þrenns konar: (1) Þróunarverkefni á sviði lífrænnar og sjálfbærrar framleiðslu, (2) viðhald og þróun innra gæðakerfis og (3) eftirlit, úttektir og vottun framleiðslu á grundvelli staðla, laga og reglugerða.

Félagið hefur átt drjúgan þátt í þróun vottaðrar sjálfbærrar framleiðslu hér á landi, fræðslu og kynningu fyrir atvinnulíf og stjórnvöld um sjálfbærar aðferðir, svo og þróun og innleiðingu nýrra vottunarsviða. Tún vottar nú fyrirtæki í í öllum landshlutum.

Mynd 1:

Vottunarþjónusta Túns – Meginsvið

Lífræn framleiðsla landbúnaðarafurða

- Landbúnaður og fiskeldi/fiskirækt
- Söfnun villtra jurta lands og sjávar
- Vinnsla landbúnaðarafurða
- Þökkun/endurþökkun landbúnaðarafurða
- Innflutningur lífrænna afurða frá 3ju löndum



Framleiðsla náttúruafurða og aðfanga til lífrænnar framleiðslu

- Fiskimjöl og -lýsi
- Kalkþörungur
- Kítín úr rækjuskel
- Sjávarsalt
- Æðardúnn



Sjálfbærar sjávarnytjar – Marine Stewardship Council (MSC) vottun

- Nýting/ástand fiskistofna
- Rekjanleiki/uppruni fiskafurða úr vottuðum sjálfbærum fiskistofnum



Þróunarstarf og almenn þjónusta

Þróun á reglum fyrir lífræna framleiðslu og aðföng

Undirbúningur að upptöku nýrra gerða Evrópusambandsins:

Vottunarstofan Tún hélt áfram undirbúningi á upptöku nýrra gerða Evrópusambandsins með því að uppfærðar voru reglur Túns um fiskeldi, fiskirækt og nýtingu lagargróðurs.

Reglur Túns um lífræna framleiðslu og sjálfbærar náttúrunytjar:

Ráðgjafanefnd annast endurskoðun á reglum Túns og tók síðasta útgáfa (9. breyting) gildi í apríl 2013.

Upplýsingaþjónusta og fræðsla

Almenn upplýsingaþjónusta

Vottunarstofan Tún er helsta uppspretta upplýsinga um forsendur og stöðu sjálfbærrar matvælaframleiðslu og vottunar í landbúnaði og sjávarútvegi. Fjöldi framleiðenda og neytenda leitar til Túns eftir upplýsingum um lífrænar og sjálfbærar aðferðir, vottun framleiðslu, hvar unnt er að nálgast vottaðar afurðir og um stöðu lífrænnar og sjálfbærrar framleiðslu hérlendis. Í flestum tilvikum er fyrirspyrjendum send nánari gögn í prentuðu máli, fræðslubæklingar, reglur Túns eða umsóknargögn. Þá leita erlendir og innlendir gagnabankar reglubundið eftir upplýsingum Túns um framvindu vottaðrar sjálfbærrar framleiðslu.

Fundir og námskeið

Vottunarstofan vann áfram að gerð námsefnis og kynningarefnis um lífrænan landbúnað. Stofnað var til fræðsluverkefnisins "Lífræna Akadémían" í samstarfi við Bændasamtök Íslands og Verndun og ræktun – félag bænda í lífrænni ræktun. Haldið var í þriðja sinn námskeið um lífræna aðlögun í apríl með þátttöku framleiðenda og áhugasamra úr ýmsum héruðum landsins.

Gagnabanki um lífræna sáðvöru

Vottunarstofan heldur gagnabanka með upplýsingum um lífræna sáðvöru, m.a. í samstarfi við Matvælastofnun, skv. reglugerð 74/2002, sbr. og reglugerð (EB) nr. 1452/2003 sem innleidd var með reglugerð nr. 951/2008. Gagnabankinn er vistaður og uppfærður hjá Vottunarstofunni Túni og gerir framleiðendum kleift að leita uppi lífræna sáðvöru, innlenda og erlenda, og sækja um undanþágu til Túns ef slík vara af hentugum yrkjum er ekki fáanleg á mörkuðum.

Samstarf um ýmis mál á innlendum vettvangi

Samstarf við opinbera aðila

Matvælastofnun annast, í samvinnu við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, uppfærslu og eftirlit með framkvæmd reglugerðar um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Af þeim sökum á Vottunarstofan Tún mikilvæg og góð samskipti við þessar tvær stofnanir, sem einkum lúta að túlkun reglugerðarinnar, skýrslugerð, uppfærslu gagnabanka um lífræna sáðvöru og leyfisveitingum vegna markaðssetningar á lífrænum vörum innfluttum frá þriðju löndum.

Náttúrulækningafélag Reykjavíkur (NLFR)

Tún á aðild að NLFR sem er umræðuvettvangur um náttúrulegar lækningaleiðir og fyrirbyggjandi heilsugæslu. Saga lífrænnar framleiðslu hér á landi er samofin sögu Náttúrulækningafélags Íslands (NLFÍ). Frumkvöðull þess, Jónas Kristjánsson læknir, vakti einna fyrstur Íslendinga athygli á mikilvægi lífrænna aðferða fyrir heilnæmi matvæla. Jónas og fleiri forystumenn félagsins hafa frá fyrstu tíð til þessa dags verið öflugir málvarar lífrænnar þróunar. Heilsustofnun NLFÍ (HNLFÍ) í Hveragerði og garðyrkjustöð þess var og er enn uppeldisstaður margra þeirra sem síðar settu á fót eigin framleiðslu lífrænna afurða. Garðyrkjustöðin er vottuð til lífrænnar framleiðslu og landsvæði Heilsustofnunar er hið fyrsta hér á landi sem er yfirlýst *svæði án erfðabreyttra lífvera*. HNFLFÍ er 60 ára á þessu ári (2015) og var því fagnað með útgáfu myndarlegs afmælisrits og glæsilegri afmælishátíð í júní s.l.

Kynningarátak um erfðabreyttar lífverur og afurðir þeirra

Tún átti frumkvæði að átaksverkefni sem hefur þann tilgang að upplýsa Íslendinga um erfðabreyttar lífverur, erfðataekni og áhættu sem henni kann að fylgja fyrir umhverfi og heilsufar. Auk Túns taka þátt í verkefninu Landvernd, Matvæla- og veitingafélag Íslands (MATVÍS), Náttúrulækningafélag Íslands (NLFÍ), Neytendasamtökin og samtökin Slow Food Reykjavík. Kynningarátakið heldur úti heimasíðunni www.erfdabreytt.is.

Þátttaka í fjölþjóðasamstarfi

Aðild að starfi IFOAM – Alþjóðasambands fyrirtækja og samtaka í lífrænni framleiðslu

Vottunarstofan Tún er meðlimur í Alþjóðasambandi fyrirtækja og samtaka í lífrænni framleiðslu (IFOAM), sem standa fyrir heimsráðstefnum og svæðasamstarfi, gefa út tímarit og staðla um lífræna framleiðslu, og starfrækja sjálfstæða faggildingarstofnun.

Tún á aðild að Íslandsdeild Evrópusambandshóps IFOAM. Stjórn hópsins hélt nokkra fundi á árinu á hinum ýmsu stöðum í álfunni. Fulltrúi Íslands í stjórn er Ólafur R. Dýrmondsson landsráðunautur Bændasamtaka Íslands og varamaður hans er Gunnar Á. Gunnarsson framkvæmdastjóri Túns.

Fjölþjóðlegt samstarf vottunarstofa og eftirlitsaðila

Tún tekur eftir efnum og ástæðum virkan þátt í fjölþjóðlegu samstarfi og sérfræðilegum skoðanaskiptum vottunarstofa og eftirlitsaðila. Samstarf þetta er bæði formlegs og óformlegs eðlis.

Norrænir og baltneskir eftirlitsaðilar eiga með sér óformlegt samstarf og funda að jafnaði einu sinni á ári. Ísland var gestgjafi af þessu sinni og var fundurinn haldinn á Laugarvatni í byrjun júní 2014. Tún annaðist skipulagningu fundarins í samstarfi við Matvælastofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Fundurinn var í alla staði framúrskarandi vel heppnaður og var þátttaka með því mesta sem verið hefur. Alls mættu til fundarins 40 fulltrúar frá átta þjóðlöndum, þar af 11 frá Íslandi. Tún á samstarf við breskar og bandarískar vottunarstofur um úttektir á sviði lífrænnar framleiðslu. Þá sækir Tún árlega fundi vottunarstofa fyrir sjálfbærar sjávarnytjar.

Endurmyndun og þróun innra gæðakerfis

Faggildingar

Vottunarstofan Tún er faggild vottunarstofa samkvæmt Evrópustaðli nr. EN45011 um aðila sem reka vöruvottunarkerfi og samkvæmt reglugerðum um starfsemi faggildra vottunarstofa og um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar. Faggildingarsvið Einkaleyfastofu sannprófar reglulega hvort Tún vinni í samræmi við staðalinn.

Þýska faggildingarstofan Accreditation Services International (ASI) GmbH faggildir Tún til að annast vottun samkvæmt reglum MSC um vottun sjálfbærra sjávarnytja (fiskistofna) og vottun samkvæmt reglum MSC um meðferð og rekjanleika sjávarafurða.

Innra gæðakerfi og þjálfun starfsmanna

Félagið heldur árlega námsfund matsmanna á sviði lífrænnar framleiðslu og náttúruafurða til undirbúnings árlegum úttektum á þeim sviðum. Starfsmenn félagsins sækja árlega ráðstefnu Marine Stewardship Council sem haldin er í London og ætluð er til þjálfunar, fræðslu og uppfærslu á þekkingu lykil starfsmanna vottunarstofa á þessu sviði.

Í janúar var haldið tveggja daga námskeið matsmanna allra vottunarsviða í samvinnu við sérfræðing á sviði úttekta og gæðakerfa. Þá var haldin námsstefna fyrir mats- og vottunarmenn á sviði MSC rekjanleikavottunar, og nýjir menn hófu þjálfun og störf til úttekta á því sviði.

Endurskoðun gæðakerfis Túns hélt áfram á árinu, en hún miðar að því að samræma eins og kostur er verklag vottunarsviða og mæta kröfum nýrra staðla (ISO 17065 og ISO 19011) um vinnubrögð í úttektum og um starfshætti vottunarstofa.

Vottunarþjónusta

Vottunarferli felst í afgreiðslu umsókna sem berast, úttektum og skýrslugerð þjálfaðra matsmanna og úrvinnslu á niðurstöðum sem vottunarnefndir og ritarar þeirra annast.

Vottunarnefndir Túns eru skipaðar sérfræðingum á þeim sviðum sem vottun tekur til, þ.e. annarsvegar á sviði lífrænnar framleiðslu og hinsvegar á sviði sjávarnytja. Vottunarnefndir taka ákvarðanir um vottun samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Vottun lífrænna afurða, aðfanga og náttúruafurða

Vottunarnefnd fyrir lífræna framleiðslu og aðföng hélt 6 fundi á árinu og afgreiddi 76 mál, þar af 3 umsóknir frá nýjum viðskiptavinum.

Í árslok 2014 voru 34 býli og söfnunarstöðvar villtra plantna og 26 vinnslustöðvar vottuð til lífrænnar framleiðslu. Þá voru 10 söfnunar- og vinnslustöðvar vottaðar til framleiðslu á afurðum sjálfbærra náttúrunytja. Flatarmál vottaðs nytjalands í lífrænum landnyttjum jókst lítillega frá fyrra ári og var í árslok 24.074 ha. Samtals nemur vottað lífrænt nytjaland 1,6 % af áætluðu flatarmáli alls lands sem talið er nýtanlegt til landbúnaðar. Sjá töflur 1-4.

Framhald varð á vottunarþjónustu Túns í Færeyjum með vottun búskapar og landnytja í eygni Koltur, sem liggur sunnan Straumeyjar og Vágeyjar. Í Koltri er stundaður blandaður búskapur og ferðaþjónusta. Þá vottaði Tún bjórgerð hjá færeysku ölgerðinni Føroya Bjór í Klaksvík til framleiðslu á lífrænu léttöli.

Vottun sjálfbærra sjávarnytja

Vottunarnefnd sjávarnytja hélt 19 fundi á árinu og afgreiddi 80 mál, þar af 19 nýjar umsóknir um MSC rekjanleikavottun, 58 eftirlitsúttektir á vottuðum fyrirtækjum og 3 umsóknir um vottun fiskistofna.

Fyrstu íslensku fiskistofnarnir – þorskur og ýsa – sem metnir voru samkvæmt staðli Marine Stewardship Council um sjálfbærar fiskveiðar fengu vottun Túns árið 2011. Á liðnu ári tók Vottunarstofan Tún við eftirliti og vottun á þessum stofnum sem áður var á hendi norsku vottunarstofunnar DNV. Þá lauk Tún fullu mati á þremur fiskistofnum, ufsa, gullkarfa og grásleppu, með vottun þeirra á síðasta þriðjungi ársins. Tún annast einnig eftirlit með vottuðum hörpuðiskveiðum við Færeyjar. Á liðnu ári fjölgaði fyrirtækjum með MSC rekjanleikavottun hjá Túni úr 50 í 67. Þau eru öll, utan tvö, staðsett hér á landi. Sjá nánar töflu 5.


Miklar breytingar hafa orðið á viðhorfum til alþjóðlegrar sjálfbærnivottunar í íslenskum sjávarútvegi. Það birtist meðal annars í aukinni spurn eftir tilboðum í mat á fiskistofnum hér við land, svo og í fjölgun fyrirtækja sem leitað hafa eftir vottun á rekjanleika fiskafurða úr vottuðum sjálfbærum nytjastofnum. Breytingar þessar má rekja til aukinnar spurnar erlendis eftir íslenskum MSC-vottuðum sjávarafurðum, stofnun og starfsemi MSC ráðgjafa og skrifstofu MSC á Íslandi, og aukið samstarf sjávarútvegsfyrirtækja um MSC vottun með stofnun Iceland Sustainable Fisheries ehf.

Skýrsla stjórnar
um starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2014

Tafla 1:
Lífræn framleiðsla, aðföng og náttúruafurðir
Vottaðar einingar á Íslandi og í Færeyjum 2007-2014

ÍSLAND	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007
Vottuð býli	34	33	35	39	35	36	35	34
Vinnslustöðvar	26	26	25	22	21	18	18	16
Innflutningur	-	-	-	-	1	1	1	1
Náttúruafurðir/aðföng	10	9	8	8	7	7	8	5
FÆREYJAR	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007
Vottuð býli	1	1	1	1	1	1	1	2
Vinnslustöðvar	1	1	1	1	1	1		
SAMTALS	72	70	70	71	66	64	63	58

Heimild: Vottunarstofan Tún ehf. 2014




Tafla 2:
Vottað nytjaland á Íslandi og í Færeyjum 2009-2014

	2014	2013	2012	2011	2010	2009
ÍSLAND						
Vottað nytjaland (ha) (Lífrænt/lífrænni aðlögun)	24.074	22.395	20.676	20.688	18.459	18.304
> breyting m. ára (%)	7,5	8	0	12	1	-2
Vottað sjávarnytjastæði (ha) (áætlað)	200.032	200.032	200.032	200.000	200.000	200.000
Söfnunarsvæði náttúruafurða (ha)	778	778	778	903	903	903
FÆREYJAR						
Vottað nytjaland (ha)	253	253	253	253	253	253

Heimild: Vottunarstofan Tún ehf. 2014

Mynd 3:
Flatarmál vottaðs lífræns nytjlands á Íslandi 1996-2014 (ha)



Heimild: Vottunarstofan Tún ehf. 2014

Skýrsla stjórnar
um starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2014

Tafla 3:

Vottuð framleiðsla lífrænna afurða og náttúruafurða 2014

(Fjöldi framleiðslueininga eftir tegund afurða/framleiðslu)

Ísland			
Frumframleiðsla		Vinnsla	
Vilttar plöntur	12	Mjólkurvinnsla	3
Grænmeti/kryddjurtir	11	Sláturhús/Kjötvinnsla	1
Kartöflur	9	Kornvinnsla og bakarí	4
Trjáplöntur/Skógarafurðir	4	Ölgerð	1
Garðblóm	2	Önnur matvælagarð	3
Korn	2	Þörungavinnsla	1
Mjólk/Nautgripir	4	Snyrti- og heilsuvörugerð	7
Sauðfjárafurðir	10	Æðardúnvinnsla	1
Egg	1	Fiskimjöl og lýsi	1
Æðardúnn	3	Pökkun / Heildsala	4
Þang og þörungar	3	Fóðurvinnsla	1
Heimapökkun	6	Matreiðsla	1
Fiskeldi (í lífrænni aðlögun)	0	Kaffibrennsla	1
Færeypjar			
Frumframleiðsla		Vinnsla	
Sauðfjárafurðir	1	Ölgerð	1

Heimild: Vottunarstofan Tún ehf. 2014

Tafla 4:

Bústofn vottaður í lífrænni framleiðslu og aðlögun á Íslandi 31.12.2014

	Vottað lífrænt		Vottað í lífrænni aðlögun	
	Býli	Bústofn	Býli	Bústofn
Mjólkurkýr	3	101	0	0
Aðrir nautgripir	4	116	0	0
Vetrarfóðraðar ær	10	1907	0	0
Annað sauðfé	10	70	0	0
Hross	1	45	0	0
Varphænur	2	84	0	0

Heimild: Vottunarstofan Tún ehf. 2014

Skýrsla stjórnar
um starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2014

Tafla 5:
Vottunarverkefni Túns á sviði sjálfbærra sjávarnytja 2008-2014 (m.v. árslok)

Sjálfbærar sjávarnytjar	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008
MSC rekjanleikavottun (fjöldi fyrirtækja)	67	50	31	10	2		
Fiskistofnar með MSC vottun Túns	6	1	2	2			
Fiskistofnar í fullu MSC mati Túns		3	1	3	3		
Fiskistofnar í MSC frummati Túns	1		3			1	1

Vottaðir fiskistofnar/veiðiaðferðir í árslok 2014:

- Þorskveiðar með botnvörpu, flotvörpu, netum, línu, handfærum og dragnót við Ísland
- Ýsuveiðar með botnvörpu, flotvörpu, netum, línu, handfærum og dragnót við Ísland
- Ufsaveiðar með botnvörpu, humarvörpu, netum, línu, handfærum og dragnót við Ísland
- Gullkarfaveiðar með botnvörpu, humarvörpu, netum, línu, handfærum og dragnót við Ísland
- Grásleppuveiðar með grásleppunetum við Ísland
- Hörpudiskveiðar við Færeyjar

Heimildir: Vottunarstofan Tún ehf. og vefsetur Marine Stewardship Council, www.msc.org.

Vottunarstofan Tún ehf.
Reykjavík

Kt. 511094-2249

Ársreikningur 2014

TEG endurskoðun ehf.
Grensásvegi 16
108 Reykjavík

Vottunarstofan Tún ehf.
Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Vottunarstofunnar Tún ehf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Hagnaður af rekstri félagsins á árinu 2014 nam kr. 205.462. Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingu á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Stjórn félagsins mun ekki gera tillögu um greiðslu arðs vegna ársins 2014 á aðalfundi 2015.

Fjöldi hluthafa í ársbyrjun voru 18 og sami fjöldi í árslok. Eftirtaldir hluthafar eiga yfir 10% hlutafjár:

Náttúrulækningafélag Íslands	29,63%
Avinnuþróunarsjóður Suðurlands	14,49%
Ólífuverslun Íslands hf	14,49%

Stjórn og framkvæmdastjóri Vottunarstofunnar Tún ehf staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. júní 2015

Stjórn félagsins

Björn P. Steindórsson
Jón
Jóhanna Gunnarsdóttir
Þórunn Björnsdóttir
Helga Guðrún Jónasdóttir

Ólafur A. Gunnarsson

Framkvæmdastjóri

TEG endurskoðun ehf.
Grensásvegi 16, Reykjavík

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Vottunarstofunnar Tún ehf.

Vinna endurskoðandans

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir fyrirtækið Vottunarstofuna Tún ehf vegna ársins 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma auk skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Vottunarstofuna Tún ehf. við að leggja fram ársreikning, sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild, en við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum


Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Þeim ber einnig að sjá til þess að viðeigandi eftirlit sé til staðar þar sem það á við og að ársreikningurinn sé í meginatriðum byggður á viðeigandi reglum ársreikningskafla bókhaldslaga og án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Álit endurskoðanda

Það er álit okkar að framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög um ársreikninga og viðurkenndar reikningsskilavenjur og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram. Ekkert kom fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014 og efnahag þess 31. desember 2014.

Reykjavík, 23. júní 2015

TEG endurskoðun ehf



Tryggvi E. Geirsson

Löggiltur endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2014

		2014	2013
	<i>Skýr.</i>		
Rekstrartekjur			
Seld vottun ofl.	4	41.439.842	44.327.331
Styrkir og framlög	5	1.000.000	5.199.759
Endurgreiddur útlagður kostnaður		2.921.535	1.924.828
		45.361.377	51.451.918
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	6	17.909.850	17.286.571
Annar kostnaður	7	27.173.904	30.754.534
		45.083.754	48.041.105
Rekstrarhagnaður án vaxta		277.623	3.410.813
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		134.843	119.572
Vaxtagjöld		(207.004)	(167.301)
		(72.161)	(47.729)
HAGNAÐUR ÁRSINS		205.462	3.363.084

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESMBER 2014

	2014	2013
<i>Skýr.</i>		
<i>Veltufjármunir</i>		
Bankainnstæður	2.735.484	1.140.046
Viðskiptakröfur	5.096.657	6.596.232
Aðrar skammtímakröfur	172.102	169.122
	8.004.243	7.905.400
<i>Skammtímaskuldir</i>		
Ógreidd laun og starfsmannagjöld	875.441	495.804
Viðskiptaskuldir	1.646.233	1.512.540
Ógreiddur virðisaukaskattur	1.436.249	2.056.198
	3.957.923	4.064.542
<i>Veltufjármunir að frádrögnum skammtímaskuldum</i>	4.046.320	3.840.858
<i>Ábyrgðir</i>	1	
<i>Eignir umfram skuldir, eigið fé</i>	2	
Hlutfé	9.522.750	9.522.750
Yfirverðsreikningur hlutafjár	1.232.250	1.232.250
Niðurfærsla viðskiptakrafna	254.833	0
Óráðstafað eigið fé	(6.963.513)	(6.914.142)
	4.046.320	3.840.858

SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2014

	<u>2014</u>	<u>2013</u>
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma tímabilsins	205.462	3.363.084
<i>Veltufé frá rekstri</i>	205.462	3.363.084
 <i>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum</i>		
Skammtíma kröfur	1.496.595	(1.016.359)
Birgðir	0	11.520
Skammtímaskuldir	(106.619)	(1.260.706)
<i>Handbært fé frá rekstri</i>	<u>1.595.438</u>	<u>1.097.539</u>
Breyting á handbæru fé á árinu	1.595.438	1.097.539
Handbært fé í ársbyrjun	1.140.046	42.507
<i>Handbært fé í árslok</i>	<u><u>2.735.484</u></u>	<u><u>1.140.046</u></u>

SKÝRINGAR

Starfsemi

Vottunarstofan Tún er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga 138/1994 um einkahlutafélög.

Vottunarstofan Tún ehf. er faggild eftirlits- og vottunarstofa fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Markmið Túns er að veita gæðapjónustu til framleiðenda í landbúnaði, sjárvarútvegi og vinnslu náttúrulegra afurða.

Tún er þróunarfélag í þágu almannahagsmuna og vinnur að nýsköpun matvælaframleiðslu og náttúrunytja í samræmi við alþjóðlega staðla um tillitsemi við lífríki og náttúru. Siðfræði sjálfbærrar þróunar og heilbrigðis allrar lífkeðjunnar eru megin leiðarljós í þjónustu Túns.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og gildandi reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Stofnkostnaður vegna uppbyggingar vottunarkerfis félagsins hefur ætíð verið gjaldfærður að fullu þau ár sem hann hefur fallið til. Ástæður þess eru annars vegar, að erfitt hefur verið að skilgreina kostnaðinn og hins vegar varkærnisregla um eignfærslu hans.

1. Ábyrgðir

Engar ábyrgðir eru vegna þriðja aðila og enginn í ábyrgð vegna skuldbindinga félagsins.

2. Eigið fé

	<i>Niðurfærsla viðskiptakrafna</i>	<i>Hlutfé</i>	<i>Yfirverðsreikn. hlutafjár</i>	<i>Óráðstafað eigið fé</i>
Eigið fé 1. janúar 2014	0	9.522.750	1.232.250	(6.914.142)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	254.833			(254.833)
Hagnaður ársins				205.462
Eigið fé 31. desember 2014	<u>254.833</u>	<u>9.522.750</u>	<u>1.232.250</u>	<u>(6.963.513)</u>

Aðalfundur félagsins 2013 samþykkti heimild til stjórnar félagsins að hækka hlutfé um allt að kr. 3.950.000.- að nafnverði og ákvarða gengi hluta. Heimild þessi gildir til 31.12. 2015. Ekkert var selt vegna þessarar heimildar á árinu 2014.

Heildarhlutfé félagsins er kr. 10.355.000.-, en þar af á félagið sjálft kr. 832.250.- að nafnverði og er það fært til lækkunar á hlutfé félagsins.

Mismunur á söliverði og nafnverði hlutafjár og einnig mismunur á kaupverði og nafnverði eigin bréfa voru færð á yfirverðsreiking hlutafjár á árinu 2009.

3. Skattamál

Vegna taps fyrri ára og skattalegra ráðstafana 2014 með niðurfærslu viðskiptakrafna greiðir félagið ekki tekjuskatt. Skattaleg kvöð vegna niðurfærslu viðskiptakrafna hvílir á félaginu að upphæð kr. 50.967.-. Yfirfærnanlegt tap til næsta árs er 154.449.-.

Sundurliðanir

	2014	2013
4. Sala		
Seld vottun	40.471.907	42.021.472
Seld vottunarkerki	748.635	306.009
Seldar reglur ofl.	69.300	223.600
Námskeið oph.	150.000	1.776.250
	<u>41.439.842</u>	<u>44.327.331</u>
5. Styrkir		
Ríkisframlag	1.000.000	5.000.000
Starfsmenntasjóður BÍ	0	199.759
	<u>1.000.000</u>	<u>5.199.759</u>
6. Laun og tengd gjöld		
Vinnulaun	14.941.695	14.391.654
Tryggingagjald	1.255.668	1.226.567
Lífeyrissjóðsgjöld	1.339.690	1.301.172
Sjúkra- og orlofsjóðsgjöld	96.173	95.926
Tryggingar starfsmanna	14.352	14.007
Bifreiðarstyrkur	262.272	257.245
	<u>17.909.850</u>	<u>17.286.571</u>
<p>Laun framkvæmdastjóra árið 2014 voru 7,8 millj. króna. Félaginu tókst að standa við gerðan launasamning við framkvæmdastjóra á árinu 2014, en enn er ógreitt vegna fyrri ára. Engin stjórnarlausn voru greidd 2014.</p>		
7. Annar kostnaður		
Vottunarskörf og önnur aðkeypt þjónusta v. lifrænna verkefna	12.030.242	16.366.411
Önnur aðkeypt sérfræðiþjónusta	2.492.740	1.567.804
Faggilding ASI - Einkaleyfastofan	1.330.909	613.445
Ferðakostnaður	4.922.038	4.203.243
Funda- og ráðstefnukostnaður	1.229.711	659.334
Húsnæðiskostnaður	1.960.031	2.447.010
Ritföng, prentun og pappír	391.595	623.970
Sími	348.951	329.723
Internet og tölvuþjónusta	258.853	218.287
Frímerki, giró og bankaþjónusta	193.246	202.998
Fagrit, bækur og blöð	14.236	124.311
Félagsgjöld	2.000	73.821
Auglýsingar, kynningar og útgáfa	102.950	595.430
Kaffikostnaður	89.563	24.888
Bókhald og reikningskil	347.200	324.600
Lögfræðikostnaður	211.500	60.200
Námskeiðskostnaður - þjálfun	200.000	0
Áhöld, tæki - viðhald áhalds	154.518	510.982
Vátryggingar	45.166	40.846
Prentun reglna og vottunarmiða	107.655	204.500
Birgðabreyting - miðar og bækur	0	11.520
Aðkeyptur akstur	0	115.618
Afskrifaðar viðskiptakröfur	681.496	1.416.800
Annar kostnaður	59.304	18.793
	<u>27.173.904</u>	<u>30.754.534</u>